

MOSFELLINGUR

2. tbl. 7. árg. föstudagur 1. febrúar 2008. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Nína Björk Geirsdóttir og Halldór Guðjónsson

ÍÞRÓTTAMENN MOSFELLSBÆJAR



Mynd/Magnús Már

EIGN VIKUNNAR

Brekkutangi – stórt raðhús



NÝTT Á SKRÁ

Mikið endurnýjað 254 m² raðhús á tveimur hæðum, + auka íbúð í kjallara við Brekkutanga 30. Verð 49,7 m.

Kjarna,
Þverholti 2
Mosfellsbæ
586 8080
www.fastmos.is




**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjarnested
Löggiltur fasteignasali

Sjá nánar á bls. 10-11



100% Speltbrauð

MOSFELLSBAKARI

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf

Flugumýri 2 Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is



Vottað verkstæði

CABAS
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Próförk: Hjördis Kvaran Einarsdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök

Aðsendar greinar skulu ekki
vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 22. febrúar

Maður er manns gaman

Þorinn er genginn í garð í allri sinni dýrð og menn blóta eins og enginn sé morgundagurinn. Matur sem legið hefur undir skemmdum kemst loks á leiðarenda.



Þorablót eru haldin og eru þau mannamót hin mesta skemmtun.

Hér í Mosfellsbæ hefur loksins tekist að endurvekja þorablót fyrir Mosfellinga.

Þorablót Aftureldingar fór fram síðustu helgi með

pompi og prakt í íþróttahúsinu að Varmá. Stemningin var vægast sagt frábær og vonandi að þessi viðburður sé kominn til að vera. Rúmlega þúsund manns létu sjá sig á einu stærsta og glæsilegasta þorablóti sem haldið hefur verið í umdæminu. Það er frábært tækifæri á stundu sem þessari að kynnst nýjum Mosfellingum sem fer ört fjölgandi um þessar mundir, sem og hitta mann og annann og hafa gaman. Málefnið er líka gott sem lagt er lið, barna- og unglingastarf Aftureldingar.

Í Mosfellingi að þessu sinni verður þorranum gerð góð skil.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar Sunddeild Aftureldingar stóð sig glæsilega á Hagvirkis sundmóti í Sundhöll Hafnarfjarðar sem fór fram í byrjun árs 1989. Hæst bar árangur Geirs Rúnars Birgissonar sem sigraði í sex greinum og Hrafnhildar Hákonardóttur sem sigraði í fjórum greinum. Einnig setti sveitin Íslandsmet í 4x100 metra fjórsundi.

Á myndinni má sjá í aftari röð f.v. Ingimar Róbertsson, Jósef Vigfússon, Geir Birgisson, Kristján Sigurðsson og Vilhjálm Matthíasson. Í fremri röð f.v. Eva Bjarnadóttir, Bryndís Ragnarsdóttir, Guðfinna Björnsdóttir og Ólafía Lárusdóttir.



HÉÐAN OG ÞAÐAN





Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is



Hilmar
Sölufulltrúi
892 2982
hilmarosk@remax.is



Þórarinn Jónsson Hdl.
Löggiltur fasteignasali

Verðmetum frítt fyrir þig!

Hringdu núna ☎ 699 6165

RE/MAX
Lind

Klapparhlíð 11 - 2h v, 270 Mosfellsbær



Opið hús
sunnudaginn
3. febrúar
kl 14:00 - 14:30

87,5 fm 3 herbergja björt íbúð við Klapparhlíð í Mosfellsbæ

Nánari lýsing:

Rúmgóð endaíbúð á annari hæð með góðum innréttingum og eldhústækjum. Geymsla og þvottahús í íbúð.

HILMAR 892 2982

Verð: 25.900.000

Brunabótamat m.v.: 14,4 M

Fasteignamat (hús): 17,6 M

Lóðamat: 2,3 M

Fasteignamat alls: 19,9



Íðnaðarhúsnæði við Kistumela



Íðnaðarhúsnæði við Kistumela sem verða tilbúin í júní. Ýmsar stærðir í boði 7 metra vegg hæð, 9 metrar í mæni og Hurðar 4.5 metra.

Verð 155.000,- á fermeter.

Hilmar 892 2982



Tvær
einbýlishúsalóðir
til sölu í reykjahverfi
930 og 1030 fm
Upplýsingar gefur
Hilmar 892 2982

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur • Sími: 520 9500

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

ÁGÆTI HUNDEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ,
(sjá reglugerð á www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogreglur)

4.gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.

Á almannafæri er hundeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



Fylgst er sérstaklega með
lausagöngu hunda og
þeir hundar fjarlægðir
sem nást lausir á
almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar



Við auglýsum eftir leikskólakennara og/eda öðru starfsfólki sem hefur áhuga og ánægju á að vinna með börnum.

Skólinn er lítill vinalegur tveggja deilda leikskóli með rími fyrir 46 börn.

Einkunnarorð okkar eru: Leikur, gleði og sköpun.

Við leitum að fólki sem hefur gaman af samskiptum og skapandi starfi, er tilbúið að leggja sitt að mörkum til að gera ánægjulegt og skemmtilegt vinnu umhverfi.

Leikskólinn er reyklaus vinnustaður.

Heimasíða leikskólans er bergid@leikskolar.is

Þeir sem hafa áhuga hafið samband við Valdísi leikskólastjóra eða Ágústu aðstoðarleikskólastjóra í síma: 5666039 eða gsm. 6939837 email: bergid@leikskolar.is





ÍAV hafa selt Blikastaðalandið

VBS fjárfestingarbanki hf. hefur haft milligöngu um kaup á öllum eignarhlutum Blikastaða ehf. og Íslenskra aðalverktaka hf. í landi Blikastaða. Landið liggur vestan núverandi byggðar í Mosfellsbæ, meginhluti þess er neðan Vesturlandsvegur og nær að ánni Korpu við bæjarmörk Reykjavíkur. Þá er hluti landsins ofan Vesturlandsvegur, í hlíðum Úlfarsfells. Gengið hefur verið frá samkomulagi við Holtasel ehf., móðurfélag Eyktar hf., um framtíðar eignarhald á landinu, frekari þróun svæðisins og uppbyggingu þess. Fyrir liggur rammaskipulag þar sem gert er ráð fyrir rúmlega 1.800 íbúðum á yfir 100 hektara byggingarlandi. Auk íbúðarbyggðar eru umtalsverð svæði ætluð undir atvinnustarfsemi, einkum næst mörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar. Kaupverð er ekki gefið upp en ljóst er að það mun hlaupa á milljörðum.



Kjölur 60 ára?

Góðar líkur eru talðar á því að björgunarsveitin Kjölur á Kjalar-nesi eigi 60 ára afmæli á árinu. Það er því tilhlýðilegt í aðdraganda þess að rifja upp eitthvað frekar af sögu félagsins. Þeir sem kynnu að luma á sögum og upplýsingum er snerta björgunarsveitina t.d. upphafsár hennar, er bent á að gefa sig fram. Hægt er að hafa samband við Maríu Th. s. 8994069 eða með tölvupósti á bjorgunarsveit@simnet.is.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar haldinn í Mosfellsbæ

Samfylkingin fjölmennti í Hlégarði

Þann 12. janúar síðastliðinn hélt Samfylkingin stórglæsilegan flokksstjórnarfund í Hlégarði. Var einkar ánægjulegt fyrir Samfylkingarfélagið í bænum að fá fundinn í Mosfellsbæ enda mun þetta hafa verið í fyrsta sinn, amk. á seinni árum, að stjórn-málaflokkur haldi svo stóran flokksstjórnarfund í bænum.

Samfylkingin er opin lyðræðislegur stjórn-málaflokkur. Innan Samfylkingarinnar hefur frá upphafi verið kraftmikil umræða um lyðræði, lyðræðishefð og lyðræðislegar umbætur og er það í þeim anda sem flokksstjórnarfundir eru haldnir. Allir flokksmenn geta tekið þátt í þessum fundum og því starfi sem þar fer fram en ekki einungis þeir flokksmenn sem kjörnir eru til setu í flokksstjórn. Að morgni laugardagsins funduðu málefnaþópar og verkalyðsmálaráð flokksins í Hlégarði og hinn eiginlegi flokksstjórnarfundur hófst eftir hádegi.



Fjölmennti flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar frá upphafi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar setti fundinn og hélt framsöguræðu, að því loknu voru pallborðsumræður um brýnustu verkefni Samfylkingarinnar framundan. Dagskránni lauk svo með því að Lúdvík Bergvinsson þingflokksformaður stjórnaði líflegum pallborðsumræðum þar sem ráðherrar flokksins sátu fyrir svörum.

Að minnsta kosti 225 manns af öllu landinu sóttu fundinn og tóku þátt í skoðanaskiptum við sveitarstjórnarmenn og ráðherra flokksins. Þetta mun vera fjölmennti flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar frá upphafi og var mikill kraftur og bjartsýni ráðandi í málflutningi ræðumanna sem og hjá öllum fundarmönnum.

asg

Leirvogstunga styður unga knapa í hestamannafélaginu Herði

Efla hestamennsku æskunnar

„Öflugt starf Hestamannafélagsins Harðar hefur ekki farið framhjá okkur í Leirvogstungu. Við sjáum það daglega og það er okkur sönn ánægja að eiga þess kost að styðja það enn frekar.“ sagði Katrín Sif Ragnarsdóttir þegar hún skrifaði undir myndarlegan styrktarsamning við hestamannafélagið fyrir hönd Leirvogstungu.

Leirvogstunga og æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins Harðar hafa undirritað samstarfssamning sem beinist að því að efla hestamennsku æskunnar í Mosfellsbæ. Samkvæmt samningnum verður Leirvogstunga aðalstyrktaraðili æskulýðsnefndarinnar næstu þrjú ár. Fyrsta árið verður styrknum meðal annars varið í að greiða Hestheimferð og kaupa hljóðkerfi fyrir reiðkennslu í nýja reiðhöll Harðar. Næstu tvö ár verður féð notað til að stuðla að aukinni keppnisþjálfun ungra félagsmanna og halda sérstakt Leirvogstungumót.



Katrín Sif og Guðjón hand-sala styrktarsamningin.

Á myndinni handsalar Guðjón Magnússon formaður Hestamannafélagsins samningin við Katrínu Sif. „Æskulýðsstarf skipar veglegan sess í starfi Hestamannafélagsins Harðar.

Með tilstyrk Leirvogstungu getum við eftir það enn frekar og það skiptir okkur miklu máli, sérstaklega nú á Landsmótsári.“ sagði Guðjón þegar samningurinn var í höfn.

Helgihald næstu vikur:

3. febrúar

Guðspjónusta í Lágafellskirkju kl. 11:00

Sr. Jón Þorsteinsson
Kirkjukór Lágafellssóknar

Organsisti: Jónas Þórir
Sunnudagaskólinn í Lágafellskirkju kl. 13:00
Umsjón: Hreiðar og Jónas Þórir

10. febrúar

Guðspjónusta í Lágafellskirkju kl. 11:00

Sr. Jón Þorsteinsson
Kirkjukór Lágafellssóknar

Organsisti: Jónas Þórir
Sunnudagaskólinn í Lágafellskirkju kl. 13:00
Umsjón: Hreiðar og Jónas Þórir

17. febrúar

Taize -guðspjónusta í Lágafellskirkju kl. 20:00
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir
Kirkjukór Lágafellssóknar
Organsisti: Jónas Þórir

Sunnudagaskólinn í Lágafellskirkju kl. 13:00
Umsjón: Hreiðar og Jónas Þórir

Hægt er að nálgast allar upplýsingar um helgihald og safnaðarstarf Lágafellssóknar á heimasíðu kirkjunnar: www.lagafellskirkja.is

SÓKN Í SÓKN

– LIFANDI SAMFÉLAG
Vertu með í sókninni!

Bærinn fyllist af norrænum gestum 12.-13. júní Það stendur mikið til!!

Vinabæjamót eru haldin annað hvert ár og í vor er það í Mosfellsbæ

Helga Jónsdóttir á Bókasafni Mosfellsbæjar er tengiliður við vinabæi Mosfellsbæjar, en málaflökurinn heyrir undir Bókasafnið.

Í samstarfinu eru Skien í Noregi, Uddevalla í Svíþjóð, Thisted í Danmörku og Loimaa í Finnlandi, allt talsvert stórir bæir á okkar mæliskvarða.

Mótin eru haldin til skiptis í bæjunum og þannig á tíu ára fresti í hverjum bæ. Fyrsta mótið hér í Mosfellsbæ var haldið árið 1988, hið næsta 1998 og nú er komið að því þriðja, dagana 12.-13. júní í sumar.

Langt og gott samstarf

Mosfellsbær var ekki með í upphafi en gekk inn í samstarfið um 1980 og frá 1992 hefur samstarfið verið markvisst. Það ár hófst verkefni fyrir unglunga sem hefur verið í gangi síðan. Markmiðið er að krakkarnir kynnist hvunnegi unglunga annars staðar á Norðurlöndum og eignist vini og kunningja í vinabæjunum. Mörg hundruð Mosfellingar hafa tekið þátt í þessu verkefni, unglingar og fjölskyldur þeirra, og haft gagn og gaman af.

Allir taka þátt

Pólitíkusar, bæjarstarfsmenn, unglingar og Norrænafélagsmenn – allir með. Dagskrá mótsins er fyrst og fremst miðuð við faglega fundi starfsmanna bæjanna og kjörinna fulltrúa. Vinnuhópar eru myndaðir og rædd sameiginleg mál; skipulagsmál, menningarmál, félagsmál, fræðslumál ofl.,

Félagar í Norræna félaginu eru einnig fjölmennir á þessum mótum og mynda einn vinnuhóp. Unglingahópar frá bæjunum eru með sérstaka dagskrá og umræður og þetta er fjölmennur hópur, 12 frá hverju landi eða alls 60 unglingar.

Ákveðinn fjöldi gesta óskar eftir heimgistingu í Mosfellsbæ

Skemmtileg upplifun fyrir bæði gesti og gestgjafa. Einn veigamikill þáttur vinabæjamóta er að útvega gestgjafa fyrir norrænu gestina hér í Mosfellsbæ, en margir vilja gjarnan gista í heimahúsi. Á þann hátt tekur hinn almenni bæjarbúi virkan þátt í mótunum. Einnig stendur gestgjöf-



Skoðunarferð að Nesjavöllum.

um til boða að taka þátt í ýmsum dagskrárliðum mótsins og eru m.a. boðnir á hátíðarkvöld í Hlégarði með gestum sínum.

36 fjölskyldur tóku gesti 1998

Vonast er eftir sama áhuga í ár. Við erum að kanna áhuga bæjarbúa á því að taka gesti þessa 2-4 daga. Þá gerum við ráð fyrir því að fólkið komi til landsins miðvikudag 11. júní og fari aftur heim á sunnudegi. Það er ekki ætlast til að sérstaklega sé haft fyrir gestunum eða útbúi dagskrá fyrir þá, heldur er verið að óska eftir gistingu og morgunmat ásamt einhverjum félagsskap eftir atvikum og svo stendur gestgjöfum til boða þátttaka í ýmsum dagskrárliðum ef áhugi er fyrir hendi.

Fyrir 10 árum síðan tóku 36 fjölskyldur þátt í mótinu sem gestgjafar og enn er verið rífa upp skemmtisögur frá sumrinu 1998.

Skemmtileg reynsla

Til í þetta aftur - segir einn gestgjafanna frá 1998. Vala Friðriksdóttir og fjölskylda hennar voru í hópi gestgjafa á vinabæjamótinu 1998.

„Við brugðumst bara við þegar við heyrdum að það vantaði gestgjafa. Svo fannst okkur að þetta gæti orðið skemmtilegt“, sagði Vala. Öll fjölskyldan var samþykkt þessu og við tókum á móti þremur gestum, hjónum frá Skien í Noregi og konu frá Loimaa í Finnlandi. „Þetta gekk alveg ljómandi vel og var mjög skemmtileg reynsla, eins og við höfðum átt von á. Við tókum ekki mikinn þátt í mótinu en mættum á hátíðarkvöld í Hlégarði. Þar var mikill fjöldi og glæsileg dagskrá, óvæntur dagskrárliður var jarðskjálfti sem reið yfir ein-



Unglingahópurinn vann m.a. með leikræna tjáningu og tónlist. Þau voru á hátíðarkvöldi í Hlégarði og brugðu á leik.

mitt þegar búíð var að kynna kröftugt lag sem Karlaórin Stefniur ætlaði að syngja! Það var mikil lífsreynsla fyrir norrænu gestina!“ sagði Vala. Seinna um sumarið voru þau hjón ásamt sonum sínum á ferð í Noregi og heimsóttu þá gestina í Skien sem gátu endurgoldið gestrisnina.

„Við værum alveg til í að endurtaka leikinn í sumar!“ sagði Vala að lokum.

Áhugasamir hafi samband

Þið sem hafið áhuga á þátttöku eða óskið nánari upplýsinga, vinsamlega hafið samband við einhver eftirtalinna: Helgu Jónsdóttur Bókasafni Mosfellsbæjar s. 566 6822, hjons@mos.is. Hönnu Bjartmars Varmárskóla eldri deild s. 525 0700 eða Björn Þráinn Þórðarson á Skrifstofu Mosfellsbæjar s. 525 6700



Í vinnuhópum eru rædd ýmis sameiginleg mál bæjarfélaganna. Í Hlégarði fundaði hópur um byggðasögu.



Hlégarður rúmaði um 300 manns á hátíðarkvöldi vinabæjamótsins. Skemmtiatriði voru bæði aðkeypt og heimatilbúin.

Tómas ráðinn umhverfisstjóri

Tómas G. Gíslason hefur verið ráðinn umhverfisstjóri hjá Mosfellsbæ. Tómas er líffræðingur að mennt, með framhaldsgráðu frá RMIT Univers-



ity í Melbourne í Ástralíu og hefur undanfarin ár hefur starfað við mengunarmál hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar. Um er að ræða nýja stöðu sem m.a. mun fela í sér umsjón Staðardagskrár 21 - heildstæðrar áætlunar um sjálfbæra þróun sveitarfélagsins sem og umhverfismál í víðum skilningi. Þannig mun umhverfisstjóri koma að fræðslu og upplýsingagjöf vegna umhverfismála sem og áætlunargerð vegna opinna svæða í Mosfellsbæ. „Með ráðningunni er verið að leggja meira vægi á umhverfismál í sveitarfélaginu og gera þau sýnilegri fyrir bæjarbúum“ segir Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar.



Bærinn lækkar fasteignagjöld

Bæjarráð hefur samþykkt samhljóða lækkun fasteignagjalda fyrir árið 2008. Samþykktin er tilkomin þar sem í forsendum fjárhagsáætlunar fyrir árið 2008 var gert ráð fyrir að fasteignamat hækkaði um 10% milli ára, en samkvæmt ákvörðun yfirfasteignamatnefndar hækkaði fasteignamatið hins vegar í við meira.

Lækkunir á fasteignagjöldum verða sem hér segir:

- Fasteignaskattur í A - flokki verði 0,220 % í stað 0,225%
- Lóðarleiga í A - flokki verði 0,300% í stað 0,340%
- Holræsgjald verði 0,145% í stað 0,150%

Nýtt á Gljúfasteini

Bæjarráð hefur samþykkt að fela Halldóri Sverrisyni bæjarstjóra að ræða

við fulltrúa forsætisráðuneytisins um byggingu nýs húsa á Gljúfasteini sem hýsa muni móttöku fyrir Laxnessafnið. Verið er að ganga frá kaupum á landi undir húsið. Heildarkostnaður er áætlaður 182 milljónir króna.



Vala Friðriksdóttir og Sigurður Magnússon ásamt tveimur gesta sinna, Tormod Aulebo frá Skien og Auli Guevara frá Loimaa.



Úthlutanir iðnaðar- lóða við Desjamýri

Úthlutað hefur verið iðnaðar-
lóðum við Desjamýri undir
Úlfarsfelli. Alls bárust 44 um-
sóknir um 10 lóðir sem stefnt er
að því að verði byggingarhæfar 1.
júní nk. Áætlað er að um 280 ný
störf verði til eftir uppbyggingu
atvinnusvæðisins. Eftirtaldir
fengu lóð í Desjamýri: Papco,
Múr- og málningarþjónustan
Höfn, Kraftur, Himnesk hollusta,
Áltak, Þursaborg, Þyrping/Fersk
kjörvara, Blikksmiðurinn, InnX
og Oddsmýri.



Steinteppi.is flutt í Mosfellsbæinn

Hjónin Guðmundur Fr. Matthías-
son og Júlía Margrét Jónsdóttir
hafa flutt fyrirtæki sitt Steinteppi.
is hingað í bæinn. Steinteppi.
is sérhæfir sig í lausnum á
gólflögnum og þá sérstaklega
steinteppi og Epoxy efnum. Hægt
er að velja um margar gerðir af
litum og grófleika af gólflögnum
eftir því hvað við á í hvert og eitt
skipti. Steinteppin eru gríðar-
lega vinsæl hjá fyrirtækjum og á
heimilum. Gólfefnið er slitsterkt
og auðvelt í þrifum. Starfsfólk
Steinteppi.is býr yfir mikilli þekk-
ingu og reynslu enda hefur það
sérhæft sig í gólfefnum síðastlið-
in 20 ár. Hægt er að nálgast meiri
upplýsingar um fyrirtækið á stein-
teppi.is.



Árlegt þorablót Kvenfélags Kjósarhrepps var háð í Félagsgarði

Kjósverjar þreyja þorrann

Á þorablótinu var að venju hvert sæti skipað glaðbeittum Kjósverja, enda blót kvenfélagsins eftirsótt samkoma þar sem mikill metnaður er lagður í undirbúning þess. Hápunktur blótsins er heimatilbúin skemmtidagskrá þar sem engum er hlíft við blótsyrði. Meðal efnis að þessu sinni var fuglaskoðunarferð undir leiðsögn Björns Hjaltasonar þar furðufuglum sveitarinnar voru sýndir og atferli þeirra lýst. Þá var frumsýnd ný heimildarmynd um atburði liðins árs seðir frá sérstæðu sjónarhorni. Myndirnar tala sínu máli.



Myndir/Sýrný

ELDRI BORGARAR

Bíóferð á myndina Brúðguminn, verður föstudaginn 8. febrúar kl. 15.40.
Lagt af stað frá Hlaðhömrum kl. 15.00
Tölvunámskeið byrjar 11. febrúar.
Handverksstofan á Hlaðhömrum er opin alla virka daga kl. 13.00-16.00
Bókbandsnámskeið er á þriðjudögum kl. 12.30-14.30
Tréskurðarnámskeið er á fimmtudögum kl. 12.30-15.30
Leikfimi er á maudögum kl. 13.30.
Línudans er á þriðjudögum kl. 17.00.
Skráning er hafin í ferðina til Costa del Sol dagana 15.-29. sept. n.k.
Allar uppl. og skráning á námskeið og í ferðir eru í síma 5868014 eftir hádegi og gsm. 6920814.





Krakkar á 5 ára deild fræðast um gamlar hefðir Þorrablot í Lágafellsskóla

Í haust tók til starfa leikskóladeild í Lágafellsskóla, á deildinni eru 29 börn sem öll eru 5 ára. Deildin er hluti af þróunarverkefni skólans sem nefnist, Nám er leikur - leikur er nám þar sem helstu markmiðin eru að nám sé á forsendum leiksins og samfella myndist á milli skólastiga.

Nú í janúar hafa leikskólabörnin fræðst um gamla tímann, búskaparhætti og geymsluvenjur/verkun matar hér áður fyrr. Á bóndadaginn var svo haldið þorrablot þar sem allir settu upp víkingahatta sem búið var að útbúa, sungnir voru þorrasöngvar, ýmsir gamlir munir skoðaðir og hefðbundin þorramatur borðaður.



Leitum að starfsfólki

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki til starfa í vaktavinnu á heimili fatlaðs fólks í Mosfellsbæ. Skemmtileg og lærdómsrík störf. Boðið er upp á öflugan stuðning í starfi og þjálfun.

Laun fara eftir samningum fjármálaráðherra og SFR. Nánari upplýsingar um störfin ásamt öðrum störfum eru veittar á skrifstofutíma í síma 525-0900, Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirði eða á heimasíðunni www.smfr.is.



Verslunin verður lokuð 13.-20. febrúar

BYMOS

Byggingavöruverslun Mosfellsbæjar
Háholt 14

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



ÁLAFOSS

Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS

INN RÖMMUN
E.S.S. ehf
Háholti 13 - 15
270 Mosfellsbæ
Sími 566 7625

ALHLIÐA
INN RÖMMUN

MERKING OG
MYNDA SAUMUR

GJAFAVÖRUR Í
ÚRVALI

OPIÐ: virka daga 11:00-18:00
og eftir samkomulagi

essinn@simnet.is

gsm 894 1825 www.simnet.is/essinn



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Finnst þér gaman að leika þér?

Hefur þú gaman af börnum?

Í Lágafellsskóla eru lausar stöður í Frístundaseli. Um er að ræða 30-40% stöðuhlutfall. Vinnutími getur verið sveigjanlegur á milli kl 14.00 til 17.00 og getur starfið því hentað skólafólki vel.

Óskað er eftir áhugasömum, jákvæðum og samviskusömum einstaklingum, 17 ára og eldri. Kostur er ef viðkomandi hefur einhverja reynslu af listum, íþróttum eða öðru starfi tengdu frístundum.

Umsóknarfrestur er til 10. febrúar og gott er ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst eftir það. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar.

Upplýsingar veita Elísabet Jónsdóttir, deildarstjóri yngsta stigs og Dagbjört Brynjarsdóttir forstöðumaður frístundastarfs Lágafellsskóla í síma 525-9200, eða á netföngin: elisabet@lagafellsskoli.is eða fristund@lagafellsskoli.is



Veitt silfurviður- kenning KSÍ

Á dögunum voru þeim Valdimar Leó Friðrikssyni, formanni UMSK og fyrrverandi framkvæmdastjóra Aftureldingar og Önnu Gísladóttir, liðstýru, aðalsprautu og hálfgerði guðmóður meistaraflokks karla til margra ára veitt silfurviðurkenning KSÍ fyrir frábær störf í þágu knattspyrnunnar á Íslandi. Meðfylgjandi mynd var tekin við það tilefni.

Tvær sýningar í Listasalnum

Af lífkama og sál og Klukkutímar er samsýning Júlíu Embli Katrínardóttur og Þórunnar Björnsdóttur sem stendur nú yfir í Listasal Mosfellsbæjar.

Júlía sýnir skúlptúr og videóverk.

Inntak skúlptúrsins er hjóla-

brettamening en videóverkið

inniheldur efni sem hún hefur

safnað síðan árið

1996 á 8mm

filmu.

Verk Þórunnar

er unnið úr

upptökum átta

einstaklinga

sem hafa lánað

klukkustund úr lífi sínu. Upptök-

urnar eru settar inn í átta kassa

sem eru hengdir upp í rýminu og

mynda þannig einn hljóðmassa.

Sýningarnar standa til 16. febrúar

og er aðgangur ókeypis.



Tvöföldun á Kjalarnesi hefst strax

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi telur að hefjast eigi nú þegar handa við að tvöfalda þjóðveg 1 á Kjalarnesi því þegar sé búið að tryggja fé til verksins. Í ályktun frá samtökunum segir að góðar samgöngur séu ein af forsendum framfara í atvinnulífi og velferð Vesturlands. Vegurinn um Kjalarnes anní ekki lengur umferð og hafi reynst vegfarendum hættulegur. Þá áréttar stjórn samtakanna að Sundabraut sé mikilvæg fyrir landsmenn alla og hvetur til þess að framkvæmdir við hana hefjist að norðanverðu frá Kjalarnesi svo unnt sé að byrja að nýta þá fjármuni sem þegar eru ætlaðir til verksins.



Reykjábændur og búalið mættu í sínu finasta þússi.

Yfir 1000 manns blótuðu að Varmá

Glæsilegt þorrablót Aftureldingar



Beggó og Lovísa kampakátar með kvöldið.



Magni hélt uppi miklu stuði á dansgólfinu með hljómsveit sinni Á móti sól. Hér taka þeir afmællissönginn fyrir Ólafíu sem brá sér á sviðið í tilefni dagsins.



Samlökuknú. Veislustjórarnir Jói og Simmi komnir með Ragnheiði Ríkharðs á milli sín.



David B. Sigurðsson mættur á dansgólfið.



Aðsóknarnet var slegið á þorrablótíð.



Ragga og Sigurjón í hátíðarskapi.



Stelpurnar í kaffinu.



Vignir og lærisveinar sáu um þorramatinn.



Eldhressir, Viktor, Steinar og Leifur.



Fasteignahjónin Hildur og Einar Páll.



Ungir sem aldhrir skemmtu sér vel.



Þorablótsnefndin sem hafði veg og vanda að því að endurvekja blót allra Mosfellinga. Jón Freyr, Árni, Ásgeir, Rúnar, Hilmar, Raggi, Anna Ólöf, Helen og Hanna.



Nú er frost á fróni... Jón Svan og Jói leiða fjöldsöng.



Heilsuefling Mosfellsbæjar

Hjónin Þorfinnur Andreasen og og Elísabet Richter Arnardóttir hafa opnað Heilsueflingu Mosfellsbæjar í Urðarholti 4. Þau eru búin að koma sér vel fyrir en áður voru þau til húsa í Grafarvogi. Þorfinnur er sjúkrapjálfaari og Elísabet er sjúkranuddari. „Bærinn stækkar og æ fleiri leita til okkar varðandi sjúkrapjálfun og sjúkranudd“ segir Þorfinnur. Einnig eru þau með sérstakan bekk fyrir óléttar konur sem fallið hefur vel í kramið meðal viðskiptavina. Þorfinnur og Elísabet bjóða alla Mosfellinga velkomna í heimsókn og kynna sér þjónustuna sem er í boði. Þau eru sem fyrr segir í Urðarholti 4 en áður var þar Bymos. Síminn hjá Heilsueflingu Mosfellsbæjar er 578 5080.



Elísa og Bjarki kunnu að meta súrmatinn.



Reynir og Inga biða eftir matnum.



Heiða og systkinin Ósk og Bragi.



Halla Karen, Viktor og Bryndís létu sig ekki vanta.



Þær voru hressar stelpurnar á Aristó-borðinu.



Matur fyrir 600 manns rann ljúflega ofan í lýðinn. Enn jókst svo fjöldinn um miðnættið.



Ingimunda og Jón Garðar.



Valdis og Lúlli mættu í Íþróttahúsið.



Fótboltastelpurnar lyfta sér upp.



Eygló í góðum félagsskap.



Úrsúinn og Halla blóta að Varmá.



Trío Artis og Hörður Torfa með tónleika

Áður auglýstir tónleikar Trío Artis féllu niður vegna veðurs en verða laugardaginn 2. febrúar klukkan 17-18 í Mosfellskirkju. Ekkert nýtt ár án Debussy! er yfirskrift árlegra nýárstónleika Trío Artis sem haldnir eru nú í fimmta skipti í Mosfellskirkju. Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Líkt og undanfarin ár mun tríóið, skipað þeim Kristjönu Helga-dóttur flautuleikara, Gunnhildi Einarsdóttur hörpuleikara og Þórarni Má Baldurssyni víólu-leikara, flytja tríósónötu Claude Debussy. Hörður Torfa gerir einnig aðra tilraun til tónleikahalds á Gljúfra-steini en fella þurfti þá niður síðasta sunnudag. Tónleikarnir fara hins vegar fram á sunnudaginn og hefjast kl. 16. Þá mun Hörður fjalla um og flytja ljóð Halldórs Laxness bæði í tali og tónum. Aðgangur er ókeypis meðan húsrúm leyfir.



www.fastmos.is
Sími: 586 8080

**Kjarna, Þverholti 2
Mosfellsbæ**

**EINAR PÁLL KJÆRNESTED
Löggiltur fasteignasali**



Hagaland – 361 m² einbýli með 2/skúr

Glæsilegt 308,7 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 52,5 m² tvöföldum bílskúr á falllegum stað, neðst í botnlanga við Hagaland í Mosfellsbæ. Á aðalhæð er stórt eldhús, stofa, borðstofa, 2 svefnherbergi og baðherbergi, og á jarðhæð er þvottahús, svefnherbergi, baðherbergi og ósamykkkt íbúð með eldhúsi, stofu og tveimur svefnherbergjum. Þetta flott eign á góðum stað.
Verð 85,0 m.



Leirutangi – Glæsilegt einbýlishús

Til sölu mjög fallegt 189,3 m² einbýlishús á einni hæð á stórrí hornlód við Leirutanga 24 í Mosfellsbæ. Húsið hefur mikið verið endurbætt sl. ár m.a. er nýjar sérhannaðar innréttingar í eldhúsi og á baði. Bílskúr hefur verið innréttaður sem hobby herbergi og unglingaherbergi. Stór timburverönd með skjólgirðingu, heitur pottur og markisur yfir öllum gluggum. Þetta er eign í sérflökki.
Verð 67,5 m.



Hjallahlíð – 174,6 m² raðhús

Til sölu tveggja hæða raðhús við Hjallahlíð 13 í Mosfellsbæ. Íbúðin er 149,5 m² og bílskúrinn 25,1 m². Á jarðhæð er forstofa, stofa, eldhús, hjónaherbergi, svefnherbergi og gesta WC, á 2. hæð er sjónvarpshol, 2-3 svefnherbergi og baðherbergi. Stórt hellulagt bílapan með snjóbræðslu og timburverönd í suðurgarði. Frábær staður við skóla, sundlaug og golfvöll.
Verð 45,5 m.



Tröllateigur – 115,6 m² íbúð

Falleg 115,6 m², 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í nýju fjórbylishúsi við Tröllateig 23 í Mosfellsbæ. Gengið er íbúðin af opnum svalagangi. Allar innréttingar í eik og eikparket og flísar á gólfum. Stofa, borðstofa, sjónvarpshol, flött eldhús og þrjú rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, sér þvottahús og geymsla. Mjög stórar svalir í suður. Þetta er vönduð íbúð rétt við miðbæ Mosfellsbæjar.
Verð. 30,9 m.



Hafrvatn – 45 m² hús – 2.040 m² lóð

Til sölu 44,8 m² sumarhús á 2.040 m² eignarlóð í sumarhúshverfi við Hafrvatn í Mosfellsbæ. Húsið er byggt árið 1979 og þarnast endurbóta, en samþykkt deiliskipulag gerir ráð fyrir allt að 70 m² fristundahúsi á lóðinni. Töluverður trjágróður eru á lóðinni Þetta er kjörð tækifæri fyrir þá sem vilja eignast húsnæði á þessum frábæra stað – þetta er sannarlega sveit við borg.
Verð 18,4 m.



Klapparhlíð – 50 ára og eldri

90,5 m², 2ja herbergja íbúð á EFSTU HÆÐ í 4ra hæð fjölbýli fyrir 50 ára og eldri. Þetta er vönduð lyftublokk með bílakjallara. Íbúðin er björt og rúmgóð, eikarparket og flísar á gólfum og fallegar eikar innréttingar í eldhúsi, baði og svefnherbergi. Stór stofa og borðstofa og svalir eru yfirbyggðar og með glerhurðum sem hægt er að opna. Bílastæði í bilageymslu fylgir. Sundlaug, líkamsrækt og golfvöllur, allt í göngufæri við húsið.
Verð 31,5 m.



Klapparhlíð – 50 ára og eldri

Falleg 107,4 m², 3ja herbergja endaraðhús á JARÐHÆÐ í 4ra hæða lyftuhúsi við Klapparhlíð 3. Íbúðin er vönduð í alla stæði, eikarparket og flísar á gólfum. Tvö rúmgóð herbergi, stórt baðherbergi með tvöföldu baðkari, sér þvottahús/geymsla, stórt stofa og glæsilegt eldhús með eikarinnréttingu og eyju. Úr stofu er gengið út á stóra afgirta verönd sem eykur notagildi íbúðarinnar mikið.
Verð kr. 30,9 m.



Þverholt – 2ja herb.

Falleg 57,7 m², 2ja herbergja (ósamykkkt) íbúð á jarðhæð í miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin er mjög smekklega innréttað og vel nýtt, flísar á gólfum, rúmgóð stofa og eldhús og baðherbergi með fullkomnum sturtuklefa. Mjög gott aðgengi, sér inngangur beint af bílapani. Íbúð sem gæti hentað fötludum vel.
Verð kr. 14,9 m.



Klapparhlíð – 2ja herb.

Til sölu 66,9 m², 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 28 í Mosfellsbæ. Þetta er rúmgóð og björt íbúð með góðum suðvestur svölum. Stór hjónaherbergi, flisalagt baðherbergi með baðkari, eldhús með mahony innréttingu og stofa. Stutt í skóla, sundlaug og World Class. Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning.
Verð kr. 18,9 m.



Rauðamýri – 107 m² íbúð

Til sölu flott 107,4 m² endabúð á efstu hæð í nýju 3ja hæða fjölbýli við Rauðamýri 3 í Mosfellsbæ. Íbúðin er skemmtilega hönnuð, með mikilli lofthæð og tveimur svölum. 2 stór svefnherbergi, sér þvottahús, stór stofa og opið eldhús. Eikar innréttingar og parket á íbúðinni, en flísar á forstofu, baði og þvottahúsi. Flött útsýni til suðurs og norðurs úr íbúðinni.
Verð kr. 29,9 m.



Hagaland - einbýlishús

Til sölu 209,6 m² einbýlishús með bílskúr við Hagaland 16 í Mosfellsbæ. Húsið er 154,1 m² á einni hæð ásamt 55,5 m² bílskúr. Fjögur góð svefnherbergi, stór stofa og gott eldhús. Skríðkjallari undir húsinu. Falleg aðkoma og skjólgóður og gróinn garður. Þetta einbýlishús er á mjög hagstæðu verði.
Verð 44,8 m.



Skeljatangi – 4ra herb.

4ra herbergja Permaform íbúð á JARÐHÆÐ í litlu fjórbylishúsi við Skeljatanga 38 í Mosfellsbæ. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/sturtu, geymsla, stofa og eldhús. Þetta er fín íbúð á barnvæntum stað – en kominn er tími á endurbætur. Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.
Verð kr. 25,9 m.



Bugðutangi – endaraðhús

Til í sölu 86,6 m², 3ja herbergja endaraðhús við Bugðutanga 12 í Mosfellsbæ. Steypt hús á einni hæð á góðum stað í Mosfellsbæ, 2 rúmgóð svefnherbergi, ný upptekið baðherbergi m/sturtuklefa, geymsla, góð stofa, sér eldhús og búr/þvottahús inn af eldhúsi. Stór hornlód með timburverönd og góð aðkoma að húsi.
Verð kr. 29,9 m.



Laxatunga – 183,5 m2 raðhús

Erum með í sölu mjög falleg raðhús á einni hæð á einum besta stað í nýju hverfi í Mosfellsbæ. Um er að ræða forsteypt einingarhús sem verða afhent rúmlega fókheld, þ.e. auk fókheldis verða innveggir forsteyptir að mestum hluta og tilbúinir undir sandspartl, gluggar ísettir og þak verður einangrað sem og útteggr. Laxatunga 51-57 stendur á afar fallegum stað með miklu útsýni út á Leirvogagögn – húsin eru að verða fókheld í dag, en þau verða tilbúin til afhendingar í febrúar 2008.



Kvíslartunga – 278,4 m2 parhús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu glæsileg hannað keðjuhús á tveimur hæðum á flottum stað við Kvíslartungu 53 í Leirvogstungu. Þetta er stílhreint hús með stórum gluggum, enda útsýni mikið frá húsinu. 4-5 svefnherbergi og stór rými. Af 2. hæð er gengið út á ca. 78 m2 svalir. Húsið afhendist vel rúmlega fókheld, en flestir innveggir á jarðhæð verða komnir, útteggr einangraðir og tilb. undir sandspartl. Afhending í apríl nk.
Verð kr. 48,8 m.



Hjallahlíð – 4ra herb + bílsk.

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá 117,4 m2, 4ra herbergja íbúð á JARÐHÆÐ í fjörbýlishúsi ásamt 24,1 m2 bílskúr. Þetta er stór og flott íbúð, með 3 rúmgóðum svefnherbergjum + aukaherbergi, þvottahús, stofa og eldhús með borðkrók. Sérsmíðuð viðarinnrétting í eldhúsi, flísalagð baðherbergi m/baðkari og sturtuklefa og stór timburverönd með skjólgirðingu. Bílskúrinn gerir svo gæfumuninn.
Verð kr. 35,9 m.



Klapparhlíð – 3ja herb.

NÝTT Á SKRÁ

Flott 87,5 m2 3ja herbergja endaíbúð á 2. hæð í nýlegu fjölbýli við Klapparhlíð 11. Íbúðin er mjög rúmgöð og björt með fallegum Mahony innréttingum í eldhúsi, baði og svefnherbergjum. Góð tækni í eldhúsi og stór stofa. Baðkar m/sturtuadstöðu og sér geymsla í íbúð. Íbúðin er laus til afhendingar strax.
Verð kr. 25,9 m.



Hjallahlíð – 4ra herb.

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá mjög fallega og mikið endurbætta 94,4 m2 íbúð á JARÐHÆÐ í 4ra íbúða Permaform húsi við Hjallahlíð í Mosfellsbæ. Flíslar á forstofu og baði og hvíttad eikarparket á stofu, eldhúsi og svefnherbergjum. Í eldhúsi er falleg L-laga HTH innrétting með vönduðum tækju. Út frá stofu er stór afgirt timburverönd sem gerir mikið fyrir eignina.
Verð 27,8 m.



Klapparhlíð – 4-5 herb.

NÝTT Á SKRÁ

Þetta er 112,6 m2 endaíbúð á 2. hæð í nýlegu fjölbýli með opnum stigagangi við Klapparhlíð 30 í Mosfellsbæ. Íbúðin er teiknuð sem 5 herbergja, en er í dag 4ra herbergja, hægt að breyta aftur. Þrjú rúmgöð svefnherbergi, stofa og gangur með mearba parketi, flíslar á baði og þvottahúsi og korkflíslar á forstofu og eldhúsi.
Verð kr. 30,8 m.



Krókabyggð – 108 m2 raðhús

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að gott 108 m2 endaraðhús á einni hæð með milliöfti. Íbúðin skiptist í tvö stór svefnherbergi, baðherbergi m/kari, eldhús m/borðkrók og stóra og bjarta stofu og borðstofu. Á milliöfti er góð vinnuáðstað og finn möguleiki á stækkun. Úr stofu er gengið út á stór og gróna suðvestur hornlóð með timburverönd. Hellulagt bílapan m/snjóbræðslu.
Verð kr. 31,8 m.



Klapparhlíð - 99 m2 íbúð

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu 99 m2 endaíbúð á 2. hæð nýlegu 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 32 í Mosfellsbæ. Þetta er mjög falleg endaíbúð með eikarparketi og eikar innréttingum. Íbúðin er upphaflega 4ra herbergja, en búið er að stækka stofu á kostnað annars barnaherbergi, en auðvelt er að breyta þessu aftur. Þetta er einn besti staðurinn í Klapparhlíð, innsta húsið í götunni og því lítil umferð - mjög stutt í World Class, Lágafellslaug, Lágafellsskóla og leikskólann Hulduberg. **Verð kr. 27,9 m.**



Stóriteigur - Raðhús

146,6 m2 raðhús á einni hæð með bílskúr ÁSAMT ca. 60 m2 kjallara í litlum botnlanga við Stórateig 19 í Mosfellsbæ. Þetta er vel skipulögð íbúð með 4 svefnherbergjum, eldhúsi, sjónvarpsholi, stofu, baðherbergi og gestasalerni á jarðhæð og stóru leikherbergi/vinnuherbergi, geymslu og þvottahúsi í kjallara. 28 m2 bílskúr og stórt hellulagt bílapan fyrir framan húsið.
Verð kr. 39,9 m.



Grenibyggð – parhús

Til sölu 136,6 m2 parhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Grenibyggð í Mosfellsbæ. Falleg aðkoma er að húsinu og gott hellulagt bílapan. Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi, vinnuherbergi m/ þakplugga, eldhús m/borðkrók, stórt stofa/borðstofa og baðherbergi m/sturtuklefa og baðkari. Lítil og fallegur bakgarður í suðaustur
Verð kr. 38,5 m.



Svölühöfði – 319 m2 einbýlishús

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá glæsilegt einbýlishús á einni hæð á flottum stað við Svölühöfða í Mosfellsbæ. Húsið er hannað af Agli Guðmundssyni, arkitekt og byggt árið 2002. Húsið skiptist í tvær álur sem tengjast með tengibygggingu. Stofa, borðstofa, útsýnisfallur, eldhús 2-3 svefnherbergi, bað og þvottahús í annari álunni og sérhönnuð vinnustofa með stórum sal, forstofu, baðherbergi, geymslu og bílskúr. Þetta er eign sem tekið er eftir. **Verð kr. 99,2 m.**



Hjallahlíð – 2ja herb íbúð

Til sölu 2ja herbergja Permaform íbúð á JARÐHÆÐ í litlu fjölbýli, með stórt timburverönd við Hjallahlíð 25 í Mosfellsbæ. Stórt hjónaherbergi, baðherbergi m/ sturtu, sér þvottahús, góð geymsla - hægt að nota sem leikherbergi, rúmgöð stofa og eldhús með flöttri innréttingu. Þetta er frábær eign fyrir þá sem eru að kaupa sínu fyrstu eign - timburveröndin eykur notagildi eignarinnar mikið. Lágafellsskóli, leikskóli, glæsileg sundlaug ofl. í næstu götu.
****Verð 19,4 m.****



Stóriteigur – 261 m2

NÝTT Á SKRÁ

Til sölu raðhús á tveimur hæðum, auk kjallara sem þarfnast endurbóta. Á jarðhæð er forstofa, gesta WC, eldhús, stofa og borðstofa. Á 2. hæð er sjónvarpshol, 4 svefnherbergi og baðherbergi og kjallari er rúmlega fókheldur. Bílskúr við hlið inngangs með gryflu. Þetta er fín eign fyrir laghenta á góðum stað í Mosfellsbæ.
Verð kr. 40,5 m.



Prastarhöfði – Laus í dag

Afar glæsileg 3ja til 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð í nýlegu 3ja hæða fjölbýli við Prastarhöfða 5 í Mosfellsbæ. Íbúðin er mjög glæsileg, með eikar plankparketi og flísum á gólf, nhotu innhurðar og innréttingar hvítar/hnota. Hér hefur hvergi verið til sparað – frábær staður, sundlaug, líkamsrækt, skóli, leikskóli, gólfvöllur og gönguleiðir rétt við húsið. Áhr. 19,4 m. frá Glitni m/5,0% vöxum. Íbúðin getur verið laus við kaupsamning.
****Verð 31,9 m.****



Skuldumæting og nýir leikmenn

Handboltinn rúllar aftur af stað á sunnudaginn þegar Afturelding tekur á móti Akureyringum. Okkar strákar eru sem stendur í næst neðsta sæti í úrvalsdeild og þurfa á stuðningi að halda á sunnudaginn kl. 16. Tveir leikmenn frá Ungverjalandi hafa bæst í hópinn og eru klárir í slaginn. Báðir eru þeir einnig löglegir með 2. flokki en annar er markmaður og hinn skytta. Einnig eru væntanlegir til liðsins, Slobodan Neskov sem er Serbi og Ingimar Jónsson úr Val. Það verður því blásið til sóknar á seinnihluta tímabilsins. „Þetta er klárlega fjögurra stiga leikur á sunnudaginn sem við ætlum okkur að vinna. Markmiðið er að halda okkur uppi og gera svo enn betur á næsta ári, ekki spurn-ing.“ segir Bjarki Sigurðsson þjálfari. Stuðningsmenn mæta í vallahúsið klukkutíma fyrir leik.



Sigurganga Sævars heldur áfram

Skylmingamaðurinn Sævar Baldur Lúðvíksson sigraði á dögunum á Reykjavík International. Um 2000 keppendur tóku þátt í mótinu frá fjölmörgum löndum og keppt var í 9 íþróttagreinum. Sævar sigraði alla sína mórherja þótt tæpt hafi staðið í úrslitarímmunni en henni lauk með naumum en sætum sigri 15:14. Sævar er aðeins 17 ára en hefur sýnt ótrúlega góðan árangur í íþróttinni og gaman verður að fylgjast með honum áfram. Hann hefur einnig sýnt áhuga á að stofna skylmingardeild í Mosfellsbæ.

Kjör íþróttamanns og íþróttakonu Mosfellsbæjar fór fram í Hlégarði

Íþróttafólk í Mosfellsbæ heiðrað

Íþróttamaður og íþróttakona Mosfellsbæjar 2007 voru valin Nína Björk Geirsdóttir golfíþróttakona úr Golfklúbbnum Kili og Halldór Guðjónsson hestaíþróttamaður úr Hestamannafélaginu Herði.

Nína sýndi frábæran árangur á sl. ári og var meðal annars Íslandsmeistari kvenna í golfi ásamt því að vera Íslandsmeistari í sveitakeppni með Golfklúbbnum Kili. Einnig var Nína kosin kvenkyllingur ársins hjá Golf sambandi Íslands.

Halldór sýndi góðan árangur í sinni grein og var meðal annars Íslandsmeistari í 250m skeiði á Íslandsmóti á Dalvík. Einnig fékk Halldór efstu reiðkennaraverðlaun á reiðkennara-braut við Háskólann á Hólum.

Aðrir tilnefndir í kjörinu:

Hjá konunum voru það Harpa Gísladóttir badmintonkona úr Aftureldingu, María Rannveig Guðmundsdóttir knattspyrnukona úr Aftureldingu og Súsanna Ólafsdóttir hestakona úr Hestamannafélaginu Herði.

Hjá körlunum voru það Arnar Gauti Óskarsson knattspyrnumaður úr Aftureldingu, Hilmar Stefánsson handboltamaður úr Aftureldingu,

Efnilegustu íþróttakrakkar bæjarins.



Sindri Jarlsson badmintonmaður úr Aftureldingu, Sigurpáll Geir Sveinsson golfari úr Golfklúbbnum Kili og Sigurður Örn Ragnarsson sundmaður úr Aftureldingu

Heiðursgestur samkomunnar var Helga Guðjónsdóttir nýr formaður Ungmennafélags Íslands. Ásamt því að heiðra íþróttamann- og konu Mosfellsbæjarvoruveittarviðurkenn-ingar fyrir Íslandsmeistara-, bikar-meistara og landsmótsmeistara titla. Einnig voru veittar viðurkenn-ingar fyrir þátttöku í æfingum eða



keppni með landsliði og fyrir efnilegasta dreng og stúlku yngri en 16 ára í hverri íþróttagrein.



P-2



P-1

Fjögur gull á hópafimleikamótinu Reykjavík International

Fræknar fimleikastúlkur Aftureldingar

Aftureldingarstúlkur stálu senunni á Reykjavík International hópafimleikamótinu sem haldið var í Laugar-dalshöllinni um síðustu helgi. Eldra keppnisliðið, P- 2, hreppti 4 gull, sigraði í öllum greinum; dýnu, gólfi, stökki og í samanlögðum stigum í sínum aldursflokki, auk þess að vera stigahæst allra liða á mótinu. Yngri

keppnishópurinn, P-1, sigraði síðan í dansi og voru þær í öðru sæti á dýnu og trampolíni. Þriðji hópurinn, M-10, keppti síðan á Landsbankamóti Fylkis sömu helgi og kom, sá og sigraði í öllum greinum auk þess að vera stiga-hæstar á mótinu. Nú á Afturelding orðið þrjú sigursæl keppnislið og vegur deildarinnar aldrei verið meiri.

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf.
Þverholti 2
Kjarna



símar: 566-7310 og 896-0131 namo@namo.is

Afturelding

- síungur öldungur á tímamótum

Ungmennafélagið Afturelding verður 100 ára á næsta ári. Á þessum merku tímamótum getum við horft stolt til baka og með bjartsýni fram á veginn. Afturelding er eitt af stærstu íþrótt- og menningarfélögum á landinu og hið langstærsta í Mosfellsbæ. Þrjár deildir félagsins keppa nú upp í efstu deild í sinni grein og fjöldi afreksfólks félagsins hefur komist í fremstu röð á landinu í sinni íþróttagrein.



Höfum við velt fyrir okkur hversu merkilegu hlutverki Afturelding gegnir í samfélaginu í Mosfellsbæ? Iðkendur félagsins eru komnir í um 1200, þannig að 2/3 hlutar allra grunnskólabarna í Mosfellsbæ stundar íþróttir með Aftureldingu auk fjölda eldri iðkenda. Vart fyrirfinnast hér fjölskyldur sem ekki tengjast félaginu.

Afturelding er ein þriggja áhrifamestu uppeldiseininga í Mosfellsbæ, næst á eftir Varmárskóla og Lágafellsskóla. Í 600 tíma á dag eru iðkaðar íþróttir hjá Aftureldingu sem svarar til 75 stöðugilda barna og unglinga í fullu starfi við að iðka íþróttir. Auk þess starfa hjá félaginu tugir sjálfbóðaliða, þjálfara og starfsmenn skrifstofu. Að meðtöldu starfsfólki

íþróttamiðstöðvanna má því segja að vel á annað hundrad manns starfi á vegum Aftureldingar.

Starfsemi Aftureldingar nýtur vaxandi viðurkenningar í samfélaginu okkar. Á síðustu misserum hefur verið gert mikið átak í því að byggja upp og bæta íþróttastöðu í Mosfellsbæ, og nægir að nefna nýjan og glæsilegan gervigrasvöll á Varmá og íþróttamiðstöðina Lágafell.

Og nú blásum við enn til sóknar. Núgefst öllum börnum á grunnskólaaldri kostur á því að nýta sér 15.000 króna frístundaávisun frá Mosfellsbæ til þess að greiða fyrir íþrótt- og tómstundaiðkun sína. Við eigum von á því að á 100 ára afmælinu verði komin enn bætt aðstaða á Varmá, ný félagsaðstaða og aðkoma fyrir íþróttamiðstöðina og handan við hornið verði fleiri mannvirki s.s. fimleikahús og fjölnota íþróttahús. Við ætlum að fjölga iðkendum hjá félaginu og Mosfellsbær ætla að hækka frístundagreiðsluna. Síðast en ekki síst ber að nefna að Mosfellsbær og Afturelding eru að leggja lokahönd á nýjan samstarfssamning sem mun vera gott lóð á vogarskálina í að stórfella allt starf félagsins.

Markmiðið okkar í Aftureldingu er

að öll börn í Mosfellsbæ geri íþróttir að sjálfsögðum hluta af daglegu starfi og að allar fjölskyldur í Mosfellsbæ líti á Aftureldingu sem sitt íþróttafélag. Við viljum fá Aftureldingarhjartað til að slá í brjóstum okkar allra. Með útgáfu nýs félagsskírteinis, Aftureldingarkortsins, sem er ekki bara félagsskírteini heldur einnig greiðslukort og fríðindakort, gerum við fólki kleyft að styrkja Aftureldingu sjálfkrafa með ákveðinni upphæð ár hvert um leið og það nýtur afsláttar og greiðir fyrir vörur. Ég vil hvetja fólk til að kynna sér kortið á skrifstofu Aftureldingar eða á heimasíðu félagsins og styðja starf félagsins á þennan einfalda hátt.

Ég vil nota tækifærið nú, að afstöðnu einhverju best heppnaða og fjölmennasta þorablóti félagsins nú um helgina og í upphafi þessa hundradaða starfsárs félagsins, að þakka öllum þeim fjölmörgu aðilum sem í gegnum tíðina hafa lagt félaginu lið með störfum sínum, íþróttaiðkun, fjárframlögum, óbilandi trú og sönnunum ungmennafélagsanda. Það verður mikið um að vera í Aftureldingu næstu 100 árin.

Afram Afturelding!!

Jón Pálsson
Formaður



Góður árangur á stórmóti ÍR

Helgina 19.-20. janúar s.l. var haldið stórmót ÍR í frjálsum íþróttum í Laugardalshöll. Mótið bar svo sannarlega nafn með rentu, því þáttakendur voru alls 673. Keppendur Aftureldingar voru 26 og þar af náðu 22 einu af efstu 10 sætum. Þau stóðu sig frábærlega vel og unnu til þriggja gullverðlauna og fjögurra silfurverðlauna. Þjálfari er Hlynur Guðmundsson.

600 m. Hnokkar 9 - 10 ára

2. sæti. Arnór Breki Áspórssón

Hástökk Stelpur 11 ára

2. sæti Tamar L. Þormarsdóttir

Hástökk Meyjar 15 - 16 ára

1. sæti Emma Theodórsdóttir

Langstökk Hnokkar 9 - 10 ára

2. sæti Arnór Breki Áspórssón

Stangarstökk Piltar 13 - 14 ára

1. sæti Óskar Markús Ólafsson

Kúluvarp Hnokkar 9 - 10 ára

1. sæti Arnar Ingi Gunnarsson

2. sæti Arnór Breki Áspórssón



Byggingaframkvæmdir, CO₂ losun og námagröftur í Mosfellsbæ

Í fyrsta tölublaði Mosfellings á þessu ári er grein eftir Oddgeir Þór Arnason, garðyrkjustóra Mosfellsbæjar. Það var mikið happ fyrir bæinn að fá Oddgeir til starfa því hann hefur komið miklu til leiðar við fegrun bæjarins. Verka Oddgeirs sér hvarvetna stað í bæjarfélaginu, en hann hefur gjarnan mátt fá meiri stuðning við verkin, bæði frá bæjarbúum og yfirvöldum. Grein Oddgeirs að þessu sinni fjallar um losun CO₂ í andrúmsloftið vegna byggingaframkvæmda. Þegar djúpri lífrænni mold er mokað upp og mól sett í staðinn tekur koltvísingur að losna úr moldinni. Gríðarlegar byggingaframkvæmdir eiga sér nú stað í Mosfellsbæ, þar sem hver landspildan af annarri er tekin undir íbúðabygð. Oddgeir bendir á að við þessar framkvæmir er reynt að lágmarka flutningsleiðir með efní, sem vitaskuld minnkar losun gróðurhúsalofttegunda; líklega þykir Oddgeiri vegið að heiðri Mosfellsbæjar með umræðu um CO₂ losunina hér í bæjarfélaginu.



Að tilefni greinar Oddgeirs er rétt að leggja áherslu á að umræðan um losun vegna byggingaframkvæmda

er alls ekki bundin við Mosfellsbæ. Það er einfaldlega þannig að íslenska ríkinu, sem er aðili að loftslags-samningi Sameinuðu þjóðanna, ber að gefa skýrslu um losun á landinu, en í heild verður losunin að vera innan svokallaðra losunarheimilda landsins. Nú er svo komið að þessar heimildir eru farnar að setja athöfnum Íslendinga nokkrar skorður, m.a. við uppbyggingu iðnvera o.s.frv. Ástæða þess að Mosfellsbær hefur verið nefndur sérstaklega í þessari umræðu er að fyrsta formlega umræðan um losun vegna byggingaframkvæmda hófst vegna fyrirsagnar Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um losun af þessu tagi og voru þá hinar gríðarlegu framkvæmdir hér í bæ nefndar sem dæmi. Starfsmenn Landbúnaðarháskóla Íslands reiknuðu út hve þessi losun er líklega mikil og komu þá í ljós afar háar losunartölur. Stærðargráðan er slík að sé hún reiknuð fyrir landið allt hefur hún marktæk áhrif á losunarbókhald þjóðarinnar. Líklegt er að sú umræða sem hér er vísuð til verði til þess að unnið verði að verkferlum til þess að bókfæra losun

af þessu tagi um land allt.

Oddgeir nefndi að reynt hefði verið að lágmarka flutningsvegalengdir með mold og mól við þessar framkvæmdir allar. Síðt ber að lasta það. Það er þó brýnt að það komi fram að hinni gríðarlegi námagröftur undir rötum Mosfells fór aldrei í umhverfismat og að gröfturinn allur var gerður án framkvæmdaleyfis. Þarna hafa verið unnin feiknaleg náttúruspjöll á viðkvæmum stað. Það er heldur betur einkennilegt hvernig það gat gerst fyrir framan glugga bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Allur þessi námagröftur og rask, án tilskyldra leyfa er afskaplega vafasamur, svo vægt sé til orða tekið. Það er brýnt að fá botn í hvernig það gat gerst og hvernig að þeirri stjórnsýslu var staðið.

Það er ánægjulegt að sjá yfirlýsingar Oddgeirs og ýmissa bæjarfulltrúa um að nú eigi að taka enn betur til hendinni í umhverfismálum bæjarins. Það var mál til komið að auka það starf til mikilla muna og við bæjarbúar væntum mikils í þessum efnu á næstunni.

Ólafur Arnalds
Náttúrufræðingur

Stúlknalið Varmárskóla stóð sig vel

Stúlknalið Varmárskóla stóð sig afar vel á skólamóti HSI og Kaupþings sem fram fór 19. og 20. janúar sl. Alls tóku um 80 lið frá 40 skólum þátt í keppninni. Um er að ræða keppni í handknattleik 6. bekklinga. Stúlknalið Varmárskóla keppti um þriðja sæti, en hafnaði í því fjórða eftir eins marks tap í leik sínum við Hvassaleitisskóla.

Á meðfylgjandi mynd má sjá stúlknalið Varmárskóla, talið frá vinstri í efri röð; Perla, Snædís, Ísabella og Valdís, og neðri röð frá vinstri; Sandra, Jóhanna, Sara, Alda og Aðalbjörg. Á myndina vantar Ölmú sem einnig keppti með liðinu.

MOSFELLINGUR
KEMUR NÆST ÚT
22. FEBRÚAR



Nýr einkapjálfari

Mosfellingurinn góðkunnir Ólafur Ingvar Guðjónsson hefur hafið störf hjá World Class sem einkapjálfari. Þegar Ólafur var 17 ára gamall varð hann fyrir alvarlegum meiðslum sem bundu enda á handboltaferil hans, en varð kveikjan að því að hann fór í líkamsrækt, og náði sér vel á strík aftur.

„Ég hef verið smitaður af Schwarznegger-bakteríunni frá því ég sá mína fyrstu mynd með honum 10 ára gamall. Nauðsynlegt er að finna hreyfingu sem viðkomandi hefur gaman að. Þetta snýst ekki um besta hlaupabrettið eða heilsutvennuna frá Vörutorginu“ segir Ólafur Ingvar tilbúinn í slaginn. Þeir sem hafa áhuga á að komast í form geta haft samband við Ólaf Ingvar í síma 822-4979 (oliingvar@hotmail.com)



Helgafellssystur aftur á kreik

Nunnurnar í Helgafellssklaus-tri hafa ákveðið að endurtaka leikinn frá í fyrra og halda skemmtikvöld ásamt leikfélögum úr leikfélagi Mosfellsveitar. Þeir slógu rækilega í gegn fyrir ári síðan með eftirminnilegri fjárflyunarsamkonu sinni. Frumsýnt verður í kvöld, 1. feb. kl. 20, í bæjarleikhúsinu. Ungliðar leikfélagsins sýndu um jólin leikritið Þegar Tröllli stal jólinum við góðar undirtektir. 8 sýningar fóru fram fyrir fullu húsi. Það er alltaf líf og fjör í kringum leikfélagið.

Tómstundaskólinn með fjölbreytt námskeið Spennandi vorönn

Nú er Tómstundaskólinn í Mosfellsbæ að hefja sitt þriðja starfsár með úrvali af spennandi námskeiðum. Helga Jóhannesdóttir er stofnandi og stjórnandi skólans. Í samtali við Mosfelling sagði Helga að viðtökur bæjarbúa væru mjög góðar, þjónusta sem þessi væri löngu tímabær og í takti við ört stækkandi bæjarfélag. Fólk þarf ekki lengur að fara út fyrir bæjarmörkin til að auka við þekkingu sína og svo er þetta líka kjörið tækifæri að hittast á nýjum vettvangi. Námskeiðin eru allt frá hluta úr degi og upp í 9 vikur þann-

ig að flestir ættu að geta fundið eitt-hvað við sitt hæfi. Við fáum mjög færa kennara og fagfólk til liðs við okkur til að gera námskeiðin sem áhugaverðust.

Sem dæmi um nýjungar á þessari önn er námskeið í “skapandi skrifum” sem Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur og myndlistamaður heldur. Okkar ástsæli konfektmeistari Hafliði Ragnarsson býður upp á námskeið í páskaeggja- og truf-flugerð. Vínahugafólk fær tveggja kvöldna námskeið í vínsmökkun með Dominique Plédel Jónssyni og þeir



sem vilja grænni finger geta skellt sér í Lambhaga til Hafbergs Þórissonar með vorinu svo fátt eitt sé nefnt af því sem framundan er. Svo eru föstu liðirnir á sínum stað eins og tungumálin, saumar og handverk og tölvunámskeið. Nánari upplýsingar um skólann má finna á www.tomstundaskolinn.is eða hjá Helgu í s. 695 6694.

Af pólitísku brölti

Sá skæruhernaður sem við urðum vitni af í borgarstjórn Reykjavíkur á dögum er dæmi um það að sumir pólitískir flokkar og einstaklingar svífast einskis til að komast til valda. Eitt er að meirihluti springi vegna pólitísku ágreinings og annað er að seilast inn í raðir ríkjandi meirihluta og sækja menn með klækjum til að komast til valda. Það er ábyrgðarlaust og síst til þess fallið að auka á virðingu og traust stjórnmalamanna. Það má eiginlega segja að sveitastjórnarpólitík hafi sett niður við þetta valdarán. Borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna hefur sýnt það að þar ríkir verulegur trúnaðarrestur milli samherja. Vilhjálmur oddviti borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna samdi við Ólaf án umboðs frá sínum flokksfélögum, og Ólafur var í eigin umboði án stuðnings næstu manna á hans lista.



Þessi uppákoma finnst mér sem sveitastjórnarmanni í hæsta máta ömurleg. En víðar en í hinni Reykjavík er brölt í pólitík. Hér í bæ er ríkjandi meirihluti sem samanstendur af Sjálfstæðisflokki og Vinstri grænum. Það kann sumum að þykja sköndin blanda og vissulega er hún það. Sjálfstæðisflokkurinn er ekki þekktur fyrir félagslegar áherslur né að vera sérlega umhverfisvænn. Vinstri grænir hafa aftur á móti kynnt sig sem málsvara þeirra sem standa höllum fæti í samfélaginu og sem verndara óspilltrar náttúru. Ekki verður séð að aðild Vinstri grænna

hafi skilað sér í því að hugaðarefni þeirra hafi náð fram að ganga í stjórn bæjarfélagsins. Fulltrúar þeirra klifa sífellt á því að ókeypis átta tíma vistun fimm ára barna í leikskólum bæjarins sé þeim að þakka svo og endurreisn staðardagsskrárfulltrúa bæjarins. Fleira er það ekki og satt að segja sögðust fleiri stjórnmalaflokkar í bænum ætla að koma þessu hvorutveggja í framkvæmd kæmust þeir til valda. Þær áherslur sem fylgt hefur verið í stjórn bæjarins frá síðustu kosningum eru hægrir manna og því líkast sem hér hafi ríkt hreinn hægrir meirihluti frá síðustu kosningum. Það sem gengið hefur á í umhverfismálum hér í bæ þarf ekki að fjölyrða um hér en að mínu mati hefur framgangi núverandi meirihluti í þeim málum verið hrein hneisa. Varðandi félagslegu málefni þá langar mig að minnast á nokkrar af tillögum okkar jafnaðarmanna sem lagðar voru fram við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2008. Þar lögðum við í Samfylkingunni meðal annars til:

Að 9. tíminn í leikskólavistun á 5 ára deildum verði einnig gjaldfrjáls eins og hinir 8 tímarnir. **Fellt af meirihluta Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna.**

Að gjaldskrá leikskóla lækkaði um 10% miðað við fyrirbyggjandi tillögu í fjárhagsáætlun og tæki ekki hækkunum á árinu 2008 eins og gert er ráð fyrir í þeirri fjárhagsáætlun meirihlutans sem samþykkt var. Jafnframt

yrði á árinu unnin áætlun um gjaldfrjálsan leikskóla í áföngum. Kostnaður vegna þessa var metin á um 8 mkr. **Fellt af meirihluta Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna.**

Að húsaleiga í félagslegum íbúðum hækkaði einungis samkvæmt ákvæðum í gildandi gjaldskrá en ekki um 9% eins og gert er ráð fyrir í fjárhagsáætluninni. Hefði kostað um 2 mkr. **Fellt af meirihluta Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna.**

Að veittar yrðu 10 mkr. í fjárhagsáætluninni til sérstaks átaks sem beindist gegn félagslegum vandamálum barna og unglunga. **Fellt af meirihluta Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna.**

Félagsleg heimaþjónusta vegna aldraðra, fatlaðra og sjúkra yrði gjaldfrjáls. Hefði kostað um 1 mkr. **Fellt af meirihluta Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna.**

Vandséð er á hvaða forsendum félagshyggjuflokkurinn Vinstri grænir kaus að fella allar þessar tillögur. Kostnaðurinn er ekki svo mikill að hann hefði sligað bæjarsjóð. Til samþanburðar má nefna að fyrir aðeins einn mánuð af biðlaunum fráfarandi bæjarstjóra sem kaus sér annan starfsvettvang má greiða fyrir heimaþjónustu aldraðra, fatlaðra og sjúkra í heilt ár.

Hanna Bjartmars Arnardóttir
Bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar

Tómstundaskólinn í Mosfellsbæ

spænska • þjóðbúningasaumur • páskaegg og trufflur • crayzy quilt • skapandi skrif silfursmíði • íslenska fyrir útlinga • ræktun sumarblóma og kryddjurta indversk matargerð • enska vínsmökkun • stuttmyndagerð • ítalska matreiðsla fyrir karla • photoshop-myndvinnsla • grænmeti-pasta og baunaréttir

Innritun og upplýsingar í s.6956695

**HVAÐ ER
AÐ FRÉTTA?**

SENDU OKKUR LÍNU...

MOSFELLINGUR

mofsellingur@mofsellingur.is

Verulegar hækkunar á gjaldskrá

Hækkunar langt umfram verðlag

Meirihluti sjálfstæðismanna og vinstri grænna samþykktu á 481. fundi bæjarstjórnar gjaldskrár fyrir ýmiskonar þjónustu Mosfellsbæjar en þar er um að ræða umtalsverðar hækkunar.



eignamats varð hinsvegar 12%. Lækkun samkvæmt ákvörðun bæjarráðs varð því sem hér segir:

Fasteignaskattur í A - flokki verði 0,220 % í stað 0,225%

Lóðarleiga í A - flokki verði 0,300% í stað 0,340%

Holræsagjald verði 0,145% í stað 0,150%.

En hvað þýðir þetta á mannamáli?

Eru þá fasteignagjöldin að hækka eða lækka? Ef tekið er dæmi um breytingu fasteignagjalda á dæmigerðu húsi sem er á leigulóð (sjá töflu) hækka gjöldin um 13.392,kr eða 7,3% frá fyrra ári. Til samanburðar hækkaði neyslúvísitala u.þ.b um 5.5% á árinu 2007.

Nær stanslausar hækkunar frá 2002 og hækkun útsvars

Allt frá því að sjálfstæðismenn tóku við stjórnartaumunum í Mosfellsbæ árið 2002 hafa dunið á okkur miklar hækkunar sem að við fulltrúar b-listans höfum gagnrýnt. Ég vil minna Mosfellinga á að eitt af fyrstu verkum sjálfstæðisflokksins var að hækka útsvarsþróentu sveitarfélagsins úr 12,65% í 12,94% þó nú hrósi þeir sér fyrir að vera ekki meðal þeirra efstu eða í 13,03% sem er heimiluð hámarks útsvarsþróenta. Samhliða hafa gjaldskrár verið hækkaðar nánast á hverju ári nokkuð umfram verðlag.

Það er lítil vandi að skila rekstri sveitarfélagsins með afgangi þegar sífellt er seilst dýpra í vasa borgaranna.

Marteinn Magnússon
Bæjarfulltrúi

Fasteignagjöld lækkuð eða hækkuð?

Eftir að meirihluti sjálfstæðismanna og vinstri grænna samþykktu fjárhagsáætlun sína þar sem gert var ráð fyrir að fasteignaskattur yrði 0,225% lóðarleiga 0,340% og holræsagjald 0,150% miðað við að áætlaða fasteignamatshækkun um 10% ákvað bæjarráð að lækka fasteignagjöld fyrir árið 2008 að tillögu bæjarstjóra. Þessi samþykkt var tilkomin þar sem í forsendum fjárhagsáætlunar var gert ráð fyrir að fasteignamat hækkaði um 10% milli ára, en hækkun fast-

	Endanlegar % árið 2008	Upphafleg tillaga um % árið 2008	Raun 2007	Hækkun í % milli áranna 2007-8
Fasteignaskattur	80.696	82.530	74.160	9%
Lóðarleiga	26.700	30.260	27.030	-1%
Holræsagjald	40.281	41.670	37.515	7%
Vatnsskattur	36.680	36.680	32.960	11%
Sorþirðugjald	11.500	11.500	10.800	6%
	195.857	202.640	182.465	7%

Alvöru sveitakrá

BOLTINN Í BEINNI

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

BÍLAPARTAR

VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR

- NYJRI HLUTIR
- TÍMAREIMAR
- KERTI
- VIFTUREIMAR
- SMJURUR
- HREINGEFNI
- BREMSKLOSSAR
- PERUR
- OLJUR

GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR

CELETTE

Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is

Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best Nýja Bílasmiðjan

BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

ÞAÐ SEM TIL PARS

VGH

MOSFELLSBÆ

Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 8279 896 9443 896 2279

www.mos.is

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Sérstakar húsaleigubætur

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykktu á 482. fundi 16. janúar 2008 að greiddar skyldu sérstakar húsaleigubætur. Bæturnar eru ætlaðar þeim fjölskyldum og einstaklingum sem búa í almennu leiguhúsnæði og eiga í erfiðleikum með að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra erfiðleika. Nánari upplýsingar veitir undirrituð og á heimasíðu Mosfellsbæjar má nálgast reglur um sérstakar húsaleigubætur og umsóknareyðiblað.

Húsnæðisfulltrúi Mosfellsbæjar
Dagbjört Anna Gunnarsdóttir



...að Þórður Illugi hafi halað inn 15 stig sem símavinur í Útsvari.

...að Bjarki Bjarna hafi flogið á hausinn í bjölluspurningunum þegar Mosfellingar sigruðu Hornfirðinga í Útsvari. Þetta kallar maður að fórna sér fyrir bæjarfélagið.

...að veislustjórar þorablóts UMFA, þeir Simmi og Jói hafi dansað á hárfinni línu í lókal-húmornum. Þeir sem helst urðu fyrir barðinu voru Bymos, Draumakaffi og fasteignasalan ReMax.

...að Ellý Ámanns hafi bloggað á dögnum um ástarleiki vinkvenna sinna í heita pottinum í Lágafellslaug.

...að Atlantsolía opni bensínstöð við Krikahverfi í þessum mánuði.

...að Alma í Nylon sé flutt í Kjósina og hafi mætt á þorablótið í Félagsgarði á dögnum.

...að heppnir þorablótsgestir að Varmá hafi fengið far með björgunarsveitinni heim eftir ball. Veðrið var farið að segja til sín.

...að grunnskólarnir okkar kepptu í Skólahreysti á SkjáEinum þriðjudagskvöldið 5. febrúar.

...að Ómar sé hættur ofbeldinu. Hann kom fram í DV og lofaði því eftir barsmiðar í Snælandi.

...að Dalbúar ásamt Bogomil Font blóti þorran í Hlégarði á morgun, laugardagskvöldið 2. febrúar.

...að útvarpsmaðurinn knái, Sigurður G. Tómasson, búi á Sveinseyri sem er í skógarkýrrðinni í miðri Reykjalundarbrekkunni. Sigurður kom inn í spurningalið okkar Mosfellinga í Útsvari og mun halda sæti sínu í liðinu áfram.

...að Allí Rúts sé búinn að selja reksturinn á Ásláki.

...að tekið sé við nýjum tillögum að hringtorgum á netfangið lardothe rings@ragnheidurrikhards.is

...að Innrömmun sé til sölu.

...að Maggi Lár ætli að spreyta sig sem atvinnumaður í golfi.

...að Mosfellingar hafi fjölmennt á EM í Noregi og haldið fána Aftureldingar hátt á lofti.

...að bæjarstarfsmenn hafi verið iðnir við að telja bíla í Þverholti.

Endilega sendið okkur slúður mosfellingur@mosfellingur.is

UNGLINGURINN

Nafn: Hreggiður Emil Eðvarðsson
Gælunafn: mr.Eggilumber -- Craig -- Charles -- Hregg-master

Aldur: 15 ára, **Bekkur:** 10-hí
Hefurðu farið í lýtaaðgerð? Ó nei
Hvað finnst þér um Tiger verslunina? Aðeins of dýr
Uppáhalds íþrótt? Curling og botsía

Ertu frátekin? Nei

Hvaða blóðflokk tilheyrir þú? Vh posetiv
Ef þú værir dýr þá værir þú? Geit
Ef þú værir bók, um hvað fjallaðir þú? Svalasta náunga veraldar ;)

Ef þú værir mynd, hvað væri að sjá? Uuu mig
Ef þú værir hljóð, í hverju heyrðist?

Bwaowwww bwaowwww

Ef þú gætir opnað nýtt eitthvað í Mosó..hvað væri það? Dunkachunk musical hall

Hvað finnst þér um stytur? Fámæltar

Uppáhalds litur? Tré

Ertu mikil hestamaður? Nei, pirrandi dýr

Eitthvert plan fyrir næsta sumar? Sofa,

vakna, chillla, sofa

Af hverju kemur storkurinn með börnin? Af því að hann getur ekki

haldið á giröfunum :D

Í hvaða fagi ertu bestur?

Eðlisfræði

Hverju spáir þú velgengni í tisku næsta misserið? Leður-buxur

3 bestu kvikmyndir: Fightclub,

The good the bad and the ugly,

Diehard (allar bara)

Mottó? Die young or get rich

trying

Hvað burstar þú tennurnar oft

og lengi? Tvisvar á dag í 2 mín

Hvað finnst þér um

fríðarsúluna? Ég er aðallega

að beina mér að öðrum súlum í

augnablikinu.



Mosfellsbær í 8-liða úrslit í Útsvari

Mosfellsbær sigraði Hornafjörð í 2. umferð spurningarþáttarins Útsvars í sjónvarpinu. Keppnin var hörkuspennandi og mjótt á munum á kafla en lið Mosfellsbæjar sigraði með 20 stigum. Lið Mosfellsbæjar er því komið í átta liða úrslit og hefst úrslitakeppnin eftir páska. Lið Mosfellsbæjar skipa þau: Sigrún Hjálmtýsdóttir söngbóndi, Bjarki Bjarnason sagnfræðingur og Sigurður G Tómasson útvarpsmaður. Sigurður hefur tekið sæti Höskuldar Þráinssonar sem tók þátt í fyrstu umferð en sinnir nú öðrum verknum á erlendra grundu. Hægt er að sjá þáttinn á www.ruv.is/utsvar

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

SENDU OKKUR LÍNU...

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

Í eldhúsinu

HJÁ INGIBJÖRGU

Sjávarréttapasta

Miðað er við ítalska uppskrift af Tagliatelle alla Vongole. Vongole er smár skelfiskur sem ekki fæst á Íslandi. Þá er brugðið á það ráð að íslenska uppskriftina og bætt við íslensku sjávarhræfni. Ómissandi er að bera réttinn fram með kældu ítölsku hvítvíni. Þessa uppskrift er ég búin að gera nokkrum sinnum og er þetta alltaf jafn ljúffengt. Hef t.d. sett meiri humar og minna af rækjum eða risarækjur í stað þeirra minni og ekki var það verra.

Uppskrift fyrir fjóra:

- 500-600 g tagliatelle eggjapasta
- 1 dl ólífulía

- 5 hvítlauksgeirar, saxaðir
- 1/2 laukur, saxaður
- 1/2 þúrrulaukur, sneiddur
- 400 g smokkfiskur, sneiddur
- 4 tsf sætt karrý
- Safi úr 1 sitrónu
- 2 1/2 dl hvítvín
- Handfylli af steinselju, söxuð
- 200 g humar
- 500 g rækjur
- Nýmalaður pipar og salt

Hitið saltvatn í rúmum potti fyrir pastað. Hellið ólífulíunni á stóra pönnu eða pott og steikið hvítlaukinn, laukinn og þúrrulaukinn. Bætið



smokkfisknum út í og kryddið með karrýi. Hellið sitrónusafa og hvítvíni út í og látið sjóða í 2-3 mínútur eða þar til sósan þykkar örlítið og slökkvið á hellunni.

Sjóðið pastað. Bætið steinselju, humri og rækjum út á pönnuna og kryddið með salti og pipar. Sigtíð vatnið frá pastanu og bætið því út á pönnuna og blandið vel saman. Setjið á fjóra diskka og skreytið með steinselju.

Verði ykkur að góðu



NUTRITIVE gegn áreiði!!!

Hvort sem hárið er frá náttúrunnar hendi heilbriggt, þurrt eða mjög þurrt, verður það alltaf fyrir skaðlegum áhrifum s.s. frá sól, hárburrkum, mikilli hárburstun, veðri og vindum. En rétt eins og húðin þá þarf hárið að fá jafnt næringu og vörn gegn utanaðkomandi áreysi. NUTRITIVE línan býður upp á sjámpó, næringu og mótunarlínu fyrir eðlilegt, þurrt og mjög þurrt hár sem næra og vernda hárið.

Verið velkominn á Pílus og fáði ráðleggingar við val á vöru þér sem hentar.

Ragnhildur, Sesselja, Erna, Ingibjörg, Carmen, Eyrún og Katrín.

PÍLUSRÁÐ

fyrirspurnir sendist á pilusehf@simnet.is

KÉRASTASE
P A R I S

Opið: mánudaga, þriðjudaga,
miðvikudaga og föstudaga 9-18,
fimmtudaga 9-19 og laugardaga 9-14



Pílus
Hársnyrtistofa

Tímapantanir
í síma 566 60 90

Pílus hársnyrtistofa - Kjarna - Þverholti 2 - Sími 566 6090

30% AFSLÁTTUR

AF SÓTTUM PIZZUM

Starfsfólk óskast

Óskum eftir að ráða starfsfólk
í kvöld- og helgarvinnu.

Umsóknareyðublað og upplýsingar á staðnum



	9" -30%	12" -30%	16" -30%	18" -30%
1. MARGARITA Pízzusósa, ostur, oregano	730 511	1090 763	1390 973	1500 1050
2. BÆJARINS BESTA Pízzusósa, ostur, pepperone, laukur, hvítlaukur, græn pipar, granar öllur, parmesanostur, ananas	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
3. KJÖTVEISLA Pízzusósa, ostur, nautahakk, skinka, pepperone	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
4. MILANO Pízzusósa, ostur, pepperone, sveppir	1050 735	1590 1113	1990 1393	2200 1540
5. SUPRIME Pízzusósa, ostur, nautahakk, skinka, pepperone, sveppir, paprika, laukur, ananas	1530 1071	2340 1638	2890 2023	3250 2275
6. SALVA Pízzusósa, ostur, skinka, pepperone, sveppir, laukur, grábaostur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
7. HAWAII Pízzusósa, ostur, skinka, ananas	1050 735	1590 1113	1990 1393	2200 1540
8. PEPPERONE Pízzusósa, ostur, pepperone, laukur, ananas	1050 735	1590 1113	1990 1393	2200 1540
9. PIZZA GRÆN Pízzusósa, ostur, sveppir, þistilljörtu, hvítlaukur, paprika, tómatar, granar öllur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
10. OSTAVEISLA Pízzusósa, ostur, piparostur, grábaostur, camembert (bergsaltu fylgir með)	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
11. PIZZA HAFSINS Pízzusósa, ostur, sveppir, túnfiskur, kræklingur, rækjur, hvítlaukur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
12. PISA Pízzusósa, ostur, pepperone, sveppir, piparostur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
13. AMERICANA Pízzusósa, ostur, nautahakk, sveppir, paprika	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
14. EXTRA PEPPERONE Pízzusósa, ostur, hvítlaukur skammtur af pepperone, auka ostur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
15. MEXICO Pízzusósa, ostur, nautahakk, gular basnir, jalapeno, paprika, laukur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
16. GRÆNNETSPIZZA Pízzusósa, ostur, sveppir, laukur, paprika, tómatar, gular basnir	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
17. NAPOLI Pízzusósa, ostur, skinka, sveppir, paprika, hvítlaukur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
18. 270 Pízzusósa, ostur, skinka, sveppir, aspás, piparostur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
19. ETNA Pízzusósa, ostur, pepperone, sveppir, laukur, ferskur chili, jalapeno, svartur pipar	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
20. ROMA Pízzusósa, ostur, skinka, ananas, belkon	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
21. PSR Pízzusósa, ostur, pepperone, sveppir, rjómaostur, sv. öllur, sv. pipar	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
22. KRYDDPIZZA (kryddbrauð) Ölluflóla, ostur, kryddblanda	730 511	1090 763	1390 973	1500 1050
23. HVÍTLAUKSPIZZA Ölluflóla, ostur, hvítlaukur, hvítlaukskrydd	730 511	1090 763	1390 973	1500 1050

SPURNING TIL BÆJARBUA

Hver er uppáhalds
hljómsveitin þín?



MAGGI:
Whiskey og Vindlabandið.



MAGGI:
As I lay dying.



BJARNI:
Soundgarden og Alice in chains.



DILJA:
Squirt.



EINAR SKÚLI:
Led Zeppelin.



AGLA:
Norah Jones.



Disa og Þena í afmæli




Halla undan fæti



Heja Norge



Tvær á tjúttinu



He man



Nú er frost á fróni



Táp og fjör og frískir menn



Boltaparið



Já útá gólfið ekkert stress

HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Tríoíð á Tropical



Skytturnar þjár



Áfram Afturelding




Kjörin til stækkunar



Lukkutröllin á EM



270



Dóttir hans Vignis og kærasti



Lotta&Lára



Trölli sjálfur



Sólinn



Steini og Marta smarta



Kálgé og Óskin




Sonja ræningja



Hressar að vanda



Öskubuska



Lið framtíðarinnar - 12,94%



Bláu augun þín



Siggí sæti



Háloftahöfðinginn

STRÁKARNIR OKKAR



STRÁKARNIR OG EIKI HAUKS

STUDDU OKKAR MENN Á EM Í ÞRÁNDHEIMI



GAURI OG GOGGI



GÆG OG GOKKE

HREKKIR

Það getur verið gaman af góðum hrekk eða góðu gríni, hver kann ekki einhverja góða sögu af því?

Ég ætla að segja ykkur frá frumlegum hrekk sem vinir mínir gerðu þegar við vorum um það bil 13-15 ára. Eftir einn skóladag fóru þeir heim til eins af strákunum, og í sömu götu bjó bekkjarsystir okkar, hún var ekki komin heim úr skólanum en pabbi hennar var heima.

Þeir sáu sér leik á borði og hringdu í alla í götunni sem voru heima og kynntu sig sem pabbi bekkjarsystur okkar og sögðu "Sæll þetta er X pabbi hennar X hér í X götu 32, hún er lasin heima og ég er fastur í vinnunni, ég var að velta því fyrir mér hvort að þú gætir komið við heima og lánað dóttur minni rassamæli, þú værir að gera mér mikinn greiða"

Allt í lagi maður getur nú gert nágrönnnum sínum greiða en rassamælir er ekki efst á listanum yfir hluti sem þú lánað hverjum sem er eða hvað!!!!

Þeir fylgdust með grenjandi úr hlátri þegar fyrsti nágranninn gekk vandræðalegur í átt að húsinu með lítinn poka í hendinni, hann barði varlega á dyrnar og fljótlega var opnað, þá rétti maðurinn húseiganda pokann en hann tók ekki við honum og það endaði þannig að hann gekk skómmustulegur í burtu. Á meðan hlógu mínir menn sig máttlausa. Svo stuttu síðar kom næsti nágranni út og gekk í áttina að húsinu og sama sagan endurtók sig, á leiðinni burtu mætir hann öðrum nágranna sínum og þeir heilsast létt áður en þeir halda sína leið, annar á leið með rassamælinni í útlán en hinn eflaust mjög pirraður.

Svona gekk þetta áfram og mig minnir að einir 5 eða 6 hafi komið færandi hendi handa aumingja stúlkunni. En þá fór einn af strákunum að hafa áhyggjur því ef hann færi ekki líka þá yrði hann grunaður um hrekkinn. Hann gekk því af stað vopnaður rassamæli til að vekja af sér allan grun og þegar hann bankaði þá var svarað reiðilega "Hvað villt þú, ertu kannski að koma með mæli handa xxx!, hér þarf engin rassamæli" og hann skellti hurðinni. Þessi hrekkur komst svo upp stuttu seinna, en í minningunni er hann alltaf jafn fyndinn.



Högni Snær

SMÁAUGLÝSINGAR

FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Bílskúr óskast til leigu

Bílskúr eða lítið iðnaðarbil óskast minnst 35 fm til leigu. Áhugasamir hafið samband í síma: 8995908 eða 8244145

Íbúð til leigu

Stúdíóíbúð til leigu hér í Mosfellsbæ. Sér-inngangur. Meðmæli. Laus 1. mars n.k. Uppl. síma: 8930222

Leiguíbúð óskast

Lítill leiguíbúð óskast fyrir einstakling. Óska eftir 2-3 herbergja íbúð í Mosfellsbæ, herbergi kemur til greina. Reglusamur og skilvísun greiðslum heitið. *Upplýsingar í síma 8578549 og 5348784 Sigurður.*

Foreldrar athugið

Mikið er af óskilamunum í Lágafellslaug sem hægt er að vitja. Húfur, vettlingar, sundföt, handklæði og ýmislegt fleira sem hefur gleymst. Óskilamunirnir liggja frammi næstu daga.

Fyrirtæki Einstaklingar

Getum bætt við okkur allri almenntri bókhaldsþjónustu s.s. færsla bókhalds, VSK uppgjör, launavinnsla, sölureikningar, ársreikningar og fl. sem tengist rekstri. Notum DK hugbúnað. Tökum einnig að okkur ársreikninga skattframtöl einstaklinga og rekstraraðila.

Fagmennska í fyrirrúmi....

Erum á annari hæð í Háholtri 23

fagbok@fagbok.is
www.fagok.is
Sími : 566-5050

Freydís og Berglind
Viðurkenndir bókarar!!



MOSFELLINGUR

KEMUR NÆST ÚT
22. FEBRÚAR

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

ÍSHAMAR

Alhliða trésmíði

Álafossvegur 27 - s. 586 8356 (verkstæði) - fax 586 8357
s. 894 0006 (Gunnar) - ishamar@ishamar.is



BLÓM GLEÐJA

Hlín
Blómahús

Mosatorgi, Mosfellsbæ - S. 566 8700



Kaffi- og veitingahús - Háholtri 12 - S. 586 8040



Viltu betri heilsu?
Leitaðu til ráðgjafa
með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir
Hertalíle ráðgjafi í Mosfellsbæ
Sími: 889 9913
betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com



ARISTÓ
hárstofa

HÁHOLT 14 - SÍMI 566 8989



**Bestu pizzurnar
í bænum**

PVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Pverholti 2
Sími: 534 3424



Þorinn blótaður

Fjölmennt var á þorralóti Aftureldingar sem haldið var í íþróttahúsinu að Varmá. Hér má sjá fólk gæða sér á kræsingum af hlaðborðinu.

Mynd/Ruth



Litlikriki

Vorum að fá í sölu glæsilegt tveggja hæða rúmlega 341 fm einbýli með innbyggðum tvíbreiðum bílskúr og möguleika á tveimur íbúðum við Litlakrika í Mosfellsbæ. **V. 48,9 m.**



Háholt

Ný og glæsileg 94 fm enda íbúð á efstu hæð með fallegu útsýni. Húsið er klætt steinflisum að utan og glæsilegum frágangi að innan með vönduðum innréttingum og tækjum þar sem engu hefur verið til sparæð. Mynd úr sýningaríbúð.



Klapparhlíð

Ný á skrá. Falleg 91 fm. íbúð á 3. hæð í glænýju fjölbýli fyrir 50 ára og eldri. Sér inngangur og vönduð gólfefni auk innréttinga. Stórar svalir í suður. Opið í eldhús úr stofu. Eitt rúmgótt svefnherbergi. Lyfta. Topp frágangur. **V. 26,9 m.**



Skeljatangi

Gullfalleg og mikið endurnýjuð 84,9 fm endaíbúð á 1. hæð með stórra verönd og sér inngang. Vandaðar innréttingar, gólfefni og innréttingar. **V. 24,7 m.**



Brattahlíð

Til sölu tvö falleg einbýlishús sem eru hvort um sig 228 fm staðsteypt einbýlishús í funkistíl á þessum frábæra stað í Mosfellsbæ. Húsin afhendast fullbúin að utan með grófjafnaðri lóð en fokheld að innan. Gert er ráð fyrir 4.svefnh. **V. 47,8**



588 55 30

Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047



Grétar J. Stephensen
löggiltur
fasteignasali
861-1639



Bugðutangi

Fallegt 202 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr á rólegum stað við botngötu í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 4 svefnherbergi og stórar stofur. Ný og falleg eldhúsinnrétting frá Friform. Verönd og fallegur garður. Laus fljótlega.



Leirutangi

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjölbýlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi. **V. 22,9 m.**



Svöluhöfði

Nýtt í sölu. Mjög glæsilegt 209 fm. einbýli við Svöluhöfða í Mosfellsbæ. Húsið er á einni hæð og vel innréttað. Vandaðar innréttingar og gott skipulag. Einstaklega fjölskylduvænt hús í einu vinsælasta hverfi bæjarins.



Litlikriki - tvö hús eftir

Afar glæsilegt og vel skipulagt 195 fm. raðhús á einni hæð við Litlakrika í Mosfellsbæ. Húsið stendur ofan götu og er skógræktarsvæði í hljóðinni ofan við húsið. Flott staðsetning. Tvö miðjuhús eftir. **V. 41 m.**